

Reykjavík, 27. október 2021

Ákvörðun um veitingu áminningar og tímabundna niðurfellingu löggildingar til endurskoðunarstarfa, skv. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019

Vísað er til bréfs endurskoðendaráðs til þín, dags. 22. apríl 2021, þar sem fram kemur að ráðinu hafi borist ábending frá ársreikningaskrá um að þú hafir þann 24. ágúst 2020 áritað ársreikning A ehf., vegna ársins 2019, f.h. félagsins B slf.

Í bréfinu kemur fram að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, skuli endurskoðun fara fram á vegum endurskoðunarfyrtækis sem hefur starfsleyfi og er skráð í endurskoðendaskrá. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. sömu laga sé endurskoðendum skylt að stofna félag um rekstur endurskoðunarfyrtækis í því formi sem þeir sjálfir kjósi. Um nánari skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrtæki er vísað til 4. gr. laga nr. 94/2019. Af framangreindu ákvæði leiði að endurskoðun, sem ekki fer fram á vegum skráðs endurskoðunarfyrtækis sem fengið hefur starfsleyfi, sé óheimil.

Í bréfi endurskoðendaráðs kemur fram að samkvæmt upplýsingum ráðsins hafi endurskoðun ársreiknings A ehf. ekki farið fram á vegum endurskoðunarfyrtækis sem hafi starfsleyfi og sé skráð í endurskoðendaskrá. Því telji endurskoðendaráð að með áritun þinni á ofangreindan ársreikning hafir þú brotið gegn ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Jafnframt hafir þú brotið gegn ákvæði 1. mgr. 14. gr. sömu laga þar sem fram kemur að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og siðareglur endurskoðenda og skuli af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf hans. Tekið var fram að endurskoðendaráð liti framangreinda háttsemi alvarlegum augum og vakin athygli á því að skv. 48. gr. laga nr. 94/2019 geti slík háttsemi varðað réttindamissi, varanlegum eða tímabundnum, í allt að þrjú ár og áminningu endurskoðanda. Var þér veittur frestur til 7. maí 2021 til að koma að andmælum vegna málsins, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Í bréfi þínu til endurskoðendaráðs, dags. 4. maí 2021, kemur fram að þú hafir verið viss um að þú hafir verið búinn að skrá þig og félag þitt í endurskoðendaskrá og hafi viðskiptavinur þinn verið í þeirri vissu að þú sem endurskoðandi og félag þitt sem endurskoðunarfélag væruð með full réttindi til starfans. Þú hafir unnið störf þín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og fylgt endurskoðunar- og siðareglum endurskoðenda í hvívetna. Gerir þú þér fulla grein fyrir því að þú

hafir gert mistök, ekki af ásetningi heldur gleymt þér varðandi tilkynningaskyldu. Engin ábending hafi verið send þér um að þú ættir eftir að skrá þig. Farir þú fram á að svar þitt fái fullan skilning og að þú fái skráningu í endurskoðendaskrá miðað við upphaf.

Í bréfi endurskoðendaráðs til þín, dags. 16. maí 2021, er vísað til bréfs ráðsins dags. 22. apríl 2021. Í því óskar endurskoðendaráð eftir nánari skýringum á framangreindri áritun sem og því hvernig hún teljist vera í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 16. gr. laga nr. 94/2019. Var beiðni endurskoðendaráðs ítrekuð með bréfi dags. 18. júní 2021.

Í svari þínu til endurskoðendaráðs, dags. 22. júní 2021, kemur fram að þú viðurkennir fúslega að hafa ekki fylgt stífum ákvæðum 16. gr. laga nr. 94/2019, sem gildi tóku þann 1. janúar 2020, varðandi ársreikning A ehf. fyrir árið 2019. Hafi þér verið sagt upp sem endurskoðanda þar sem félag þitt, B slf., hafi ekki verið skráð sem endurskoðunarfélag en krafa um það hafi komið frá ársreikningaskrá. Hafi annar endurskoðandi verið ráðinn og hafi hann skilað inn nýjum ársreikningi fyrir árið 2019. Félag þitt, B slf. muni ekki sækja um að verða endurskoðunarfélag og hætti þeirri starfsemi.

Með bréfi endurskoðendaráðs til þín, dags. 13. september 2021, var þér tilkynnt að vegna alvarleika þeirra brota sem um ræði í máli þessu og að teknu tilliti til andmæla þinna, sem fram komi í framangreindum bréfum, dags. 4. maí 2021 og 22. júní 2021, hafi endurskoðendaráð til skoðunar að veita þér áminningu og fella niður réttindi þín til endurskoðunarstarfa tímabundið í einn mánuð, með vísan til heimildar 1. mgr. sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Áður en endurskoðendaráð tæki ákvörðun um beitingu viðurlaga væri þér gefinn kostur á að koma að frekari andmælum í málinu og skyldu þau berast endurskoðendaráði eigi síðar 27. september 2021.

Andmæli þín bárust endurskoðendaráði með bréfi dags. 22. september 2021. Þar kemur fram að þú hafir unnið endurskoðunarverkefnið fyrir A vegna rekstrarársins 2019 af heiðarleika, siðareglum og viðurkenndum endurskoðunarvenjum fylgt að öllu leyti. Við endurskoðunina hafir þú ekki breytt vinnutilhögun miðað við breyttar reglur sem boðaðar séu í nýjum lögum nr. 94/2019, sem séu kröfumeiri til skýringa en eldri lög.

Fram kemur í andmælum þínum að þú hafir, að endurskoðun lokinni, birt eigendum skýrslu þína og getið þess þar hvernig að vinnu hafi verið staðið, hvað hafi verið gert og hverju þyrfti að bæta úr. A reki hágæða matvöru- og nýlenduvöruverslun með eigin lítils háttar innflutning á matvælum og sé rekstur félagsins ekki flókinn. A hafi verið í eigu þriggja bræðra þar sem tveir bræðrana hafi verið fastir starfsmenn en sá þriðji komið inn í reksturinn sem aukastarfsmaður á álagstímum. Eigendur hafi ekki óskað eftir endurskoðun á bókhaldi því þeir hafi vitað allt sem viðkom rekstrinum og því ekki talið endurskoðun nauðsynlega. Lögin hafi ákveðið að hún yrði framkvæmd þar sem farið hafi verið yfir tvö stærðarmörk af þremur. Því hafi endurskoðun farið fram.

Í andmælum þínum kemur fram að þú hafir ákveðið við lok endurskoðunar fyrir rekstrarárið 2019 að hætta þar sem komið væri að lokum þinna starfa vegna aldurs. Hafir þú rætt þessa ákvörðun þína við eigendur A ehf. og bókara. Framkvæmdin hafi ekki verið orðin að veruleika þegar

athugasemdir hafi verið gerðar við störf þín. B slf. hafi ekki verið skráð sem endurskoðunarfélag og hafi mistök verið gerð.

Fram kemur að engin endurskoðunarvinna hafi farið fram af þinni hálfu vegna rekstrarársins 2020 og muni svo verða til framtíðar. Þú gerir þér fulla grein fyrir því að endurskoðun skuli fara fram samkvæmt lögum og reglum og vísir þar aftur til skrifa þinna. Þá viljir þú geta þess að störf þín sem löggiltur endurskoðandi frá 10. júní 1968 hafi verið unnin samkvæmt lögum og af heiðarleika. Sért þú þess fullviss að enginn hafi borið skaða af störfum þínum öll þín starfsár.

Niðurstaða endurskoðendaráðs

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, er kveðið á um það að endurskoðun skuli fara fram á vegum endurskoðunarfyrirtækis sem hefur starfsleyfi og er skráð í endurskoðendaskrá.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019 kveður m.a. á um það að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og siðareglur endurskoðenda og skuli af kostgæfni og samvissusemi í hvívetna fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf hans. Í framangreindu felst að endurskoðandi ber ábyrgð á því að störf hans séu unnin í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Ábyrgð endurskoðanda er rík þar sem hann gegnir starfi í þágu almannahagsmuna sem opinber sýslunarmaður. Í áritun endurskoðanda er því falið traust sem almenningur þarf að geta haft á störfum hans.

Eins og fram hefur komið í máli þessu liggur fyrir að þú hafir þann 24. ágúst 2020 áritað ársreikning A ehf. f.h. félagsins B slf. sem ekki hafði starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki eins og gerð er ófrávíkjanleg krafa um í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019. Það er afstaða endurskoðendaráðs, með vísan til framangreindra lagaákvæða, að það hafi verið ábyrgð þín sem endurskoðanda eins og atvikum máls þessa er háttað að tryggja að félag þitt hafi haft tilskilið starfsleyfi sem var grundvöllur áritunar þinnar.

Endurskoðendaráð hefur farið yfir andmæli þín sem fram koma í bréfi þínu dags. 22. september 2021. Það er afstaða ráðsins að ekkert komi fram í þeim andmælum sem leysi þig undan þeirri ríku ábyrgð sem á þér hvílir sem endurskoðandi.

Með vísan til framangreinds telur endurskoðendaráð sýnt að með áritun þinni á ársreikning A ehf. fyrir árið 2019 hafir þú brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019. Jafnframt hafir þú brotið gegn ákvæði 1. mgr. 14. gr. sömu laga þar sem fram kemur að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og siðareglur endurskoðenda og skuli af kostgæfni og samvissusemi í hvívetna fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf hans.

Það er niðurstaða endurskoðendaráðs að þó að brotið sé alvarlegt teljist það ekki stórfellt í skilningi 1. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019, en samkvæmt ákvæðinu er ráðinu heimilt að fella réttindi endurskoðanda niður ef viðkomandi hefur brotið gegn ákvæðum laganna eða vanrækt skyldur sínar

alvarlega að öðru leyti. Ráðinu er hins vegar skylt að áminna endurskoðanda sem brýtur gegn lögnum ef brot telst ekki stórfellt. Einnig er endurskoðendaráði í slíkum tilvikum heimilt að fella réttindi viðkomandi endurskoðanda tímabundið úr gildi í allt að þrjú ár.

Endurskoðendaráð tilkynnir þér hér með þá ákvörðun ráðsins að veita þér áminningu fyrir að hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019. Í ljósi alvarleika brotsins tilkynnir endurskoðendaráð þér enn fremur þá ákvörðun ráðsins að fella niður réttindi þín til endurskoðunar tímabundið í einn mánuð frá dagsetningu bréfs þessa að telja.

Þá hafa ársreikningaskrá verið sendar upplýsingar um að endurskoðun framangreinds ársreiknings hafi ekki verið í samræmi við lög um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019.

Vakin er athygli á því að sá hluti ákvörðunar endurskoðendaráðs sem snýr að tímabundinni niðurfellingu löggildingar þinnar sem endurskoðandi er kæránlegur til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, Reykjavík, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 94/2019. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því þér var kynnt ákvörðunin, sbr. 1. mgr. stjórnsýslulaga 27. gr. nr. 37/1993.